

smekkvísi, en á það hefir enginn hlustað, þau hafa reynt að vekja upp segurðar tilfinningu, velsæmi og hjartagæzku, en það hefir verið óvinnanleg borg. Þau hafa reynt að skýra sjónir vorar, draga skýluna frá andlitum vorum, en þá höfum vér jafnharðan sett upp lituðu glerin að vér skyldum ekki að heldur sjá. Alt vort andlega loft hefir verið þeim eiturløst. Enda er söngur þeirra allra nú sem næst þagnaður. Þau hin eldri hafa þegar kveðið alt sem þau munu kveða, því engir nýir straumar hafa risið vor á meðal, er veiti þeim viðhald eoar veki hjá þeim nýtt andlegt líf.

Vér höfum átt málara, en listaverk þeirra verða engin, vegna þess að list og segurð er verðlaus varningur vor á meðal. Hvað ætti þeir að mála?

„Fræði, hver mun hirða hér um fræði“. Að eins að sýnast. Enda eigm vér enga fræðimenn. Rit eigm vér engin, að eins nokkur blöð, hvert öðru andlausara, með innsiglin á enni sér og á brjósti sér, vors sálarlausa andlausar þjóðliss.*

Eitt átakanlegasta dæmi vorra hugsjóna rýrðar er upphöt eins og þau, er nýsket hafa verið í blöðunum. Vér þurfum ekki að lýsa hver þau eru, nægilegt er að minna á það, að umræðurnar hafa spunnist út af peningum, og snúist um peninga. Þau mál hafa ætið verið háværust og þótt taka dýpst ofan í þjóðlissið.

En annar vottur þess hve lítið vér þráum, hve haustlöngun vor og vorlöngun er helst engin, er hve lítið má marka það sem nefnt er sannfæring. Vér getum aldrei verið viss um að einn eða annar hafi eignast sannfæringu. Menn eru með oss í dag, sem snúast á móti oss á morgun, heitir í dag, kaldir á morgun, og þó er það ekki af persónulegum hvötum, heldur af trúleysi á nokkurt mál, hirðuleysi með á hverju gengur. Vilja gjarnan vera eitt laufið sem fýkur.

*) Eitt þeirra er þó, ef til vill, öðru frempira. Því að það telur til mikilsverðstu tilinda menningarsögunnar strompa og reykháfa, enda setur það á merkisfána sinn: „Til stuðnings vesturíslenzkri menning“.